

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.5.2023  
Tilvísun: 20230501676

## Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð – þskj. 1471, 941. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 27. apríl sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um innheimtu sérstaks varaflugvallargjalds eftir því sem ákveðið sé í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, sbr. einnig 10. gr. frumvarpsins til breytingar á þeim lögum. Þá er í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins kveðið á um innheimtu dráttarvaxta af gjaldföllnu varaflugvallargjaldi.

Ríkisskattstjóri bendir á við ákvörðun dráttarvaxta gildi hér ákvæði laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Mikilvægt sé að við umfjöllun um ákvörðun og innheimtu dráttarvaxta af varaflugvallargjaldi sé með skýrum hætti vísað til vaxtalaganna í því skyni að tryggja gagnsæi um alla framkvæmd. Þá sé sömuleiðis nauðsynlegt að það tímamark sem dráttarvextir miðist við sé tilgreint með óyggjandi hætti. Slíkar breytingar séu til samræmis við 7. gr. laga nr. 150/2019, um innheimtu skatta og gjalda.

Því leggur ríkisskattstjóri til að lokamálsliður 8. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:


*„Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.“*

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson